

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu  
Pétur Ingi Haraldsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Umhverfisstofnun
Áb. _____
30. nóv. 2010 10.4.3
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. nóvember 2010  
Tilvísun: UST20101000076/jbw

## Deiliskipulag tveggja frístundahúsalóða fyrir Setberg í landi Nesja í Grímsnes- og Grafningshreppi

Umhverfisstofnun hefur borist erindi dags. 20. október sl. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að deiliskipulagi tveggja frístundahúsalóða í landi Nesja í Grafningi. Erindinu fylgir afstöðuuppdráttur.

### Deiliskipulagssvæðið

Svæðið er innan verndarsvæðis Þingvallavatns og vatnasviðs þess sem um gilda sér lög, nr. 85/2005, nánar tiltekið vestan Hestvíkur, vestan Grafningsvegar, og er flatarmál þess 11,2 ha. Gert er ráð fyrir tveimur frístundahúsalóðum innan svæðisins, 4,1 ha og 5,1 ha að stærð. Aðkoma er að austan frá Grafningsvegi. Samkvæmt uppdrætti er ríflega 200 m fjarlægð frá austurmörkum deiliskipulagssvæðisins að bakka Þingvallavatns. Einnig kemur þar fram að gert sé ráð fyrir meira en tveggja þrepa hreinsun frárennslis á svæðinu í samræmi við 15 gr. reglugerðar nr. 650/2006 og aðgerðaráætlun í samræmi við 20. gr. sömu reglugerðar.


Þar sem áætlunin felur í sér framkvæmd á framangreindu verndarsvæði bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að öllu raski verði haldið í lágmarki og að fyllstu varúðar sé gætt í meðferð mengandi efna á svæðinu.


## Vatnsverndarsvæði

Vatnsverndarsvæði, þ.e. grannsvæði og fjarsvæði vatnsbóls, nær inn á deiliskipulagssvæðið og er brunnsvæði staðsett innan þess. Neysluvatn fyrir frístundahúsin verður fengið úr borholu á brunnsvæðinu. Í deiliskipulaginu kemur fram að byggingarreitir ná ekki inn á þessi vatnsverndarsvæði. Umhverfisstofnun vill þó minna á að um brunnsvæði gilda eftirfarandi ákvæði, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 536/2001: „Umhverfis hvert vatnsból skal heilbrigðisnefnd ákvarða vatnsverndarsvæði sem skiptist í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði, sbr. reglugerð um varnir gegn mengun vatns. Brunnsvæði skal vera algjörlega fríðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd skal, þar sem þörf krefur, krefjast þess að svæðið skuli girt gripa- og mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli“. Stofnunin gerir athugasemd við að á deiliskipulagsupprætti kemur ekki fram hvort að brunnsvæðið verði afgirt eða ekki.

Umhverfisstofnun gerir ekki fleiri athugasemdir við deiliskipulagið.

Virðingarfyllt

  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

  
Jóhanna Björk Weissappel  
Sérfræðingur

Afrit sent: Skipulagsstofnun